

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd

26.11.2014
2014-1-59/0.11.1

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2002, 305. mál.

Landsnet vísar til tölvubréfs nefndasviðs Alþingis, dags. 12. nóvember 2014, þar sem félaginu er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum (kerfisáætlun, EES reglur), 305. mál. Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins var við undirbúning þess haft samráð við Landsnet, auk þess sem brugðist var við flestum athugasemdum félagsins við drög að frumvarpi sem kynnt voru á heimasíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis í aðdraganda framlagningar þess. Eru því ekki gerðar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Landsnet bendir á að undirbúningur stærri framkvæmda í raforkuflutningskerfinu er flókið ferli sem krefst aðkomu margra aðila, jafnt stjórnvalda sem og landeigenda. Framkvæmdirnar ná iðulega yfir víðfeðm svæði og eru því háðar aðkomu margra sveitarfélaga og mikils fjölda landeigenda. Þá eru framkvæmdirnar háðar umfjöllun og leyfum ýmissa stjórnsýslustofnana með tilheyrandi umsagna- og kærufærum. Þótt vanda þurfi til alls undirbúnings framkvæmda af þessum toga verður einnig að hafa í huga þær lagalegu skyldur sem hvíla á flutningsfyrirtækinu varðandi uppbyggingu flutningskerfisins og þann kostnað sem dráttur á uppbyggingu flutningskerfisins hefur í för með sér.

Landsnet leggur áherslu á að kerfisáætlun fái traustari grundvöll en nú er og að í þeim efnum sé rétt að miða við sambærilegt regluverk og önnur flutningsfyrirtæki í Evrópu búa við. Þá telur Landsnet að aukin aðkoma sveitarfélaga og almennings á fyrri stigum undirbúnings framkvæmda feli í sér tækifæri til að samhæfa og gera skilvirkari og gagnsærri ferla við skipulag og leyfisveitingar framkvæmda. Ákvæði frumvarpsins um skipulagsmál eru í anda þess sem kveðið er á um í vegalögum og fela í sér málamiðlun milli ólíkra sjónarmiða og mismunandi hagsmuna. Verði frumvarpið að lögum næst hvað þennan þátt varðar fram einföldun á regluverkinu, en til að ná fram enn aukinni skilvirkni þyrfti jafnframt að horfa til annarra atriða, s.s. afgreiðslu kærumála. Verði tækifærið til einföldunar hins vegar ekki nýtt eru breytingarnar fyrst og fremst til þess fallnar að lengja og flækja ferlið enn frekar.

Landsnet telur að skýr lagagrundvöllur, vandaðri undirbúningur kerfisáætlana með auknu samráði á fyrri stigum og einfaldari leyfisveitingarferlar séu framfaraskref í undirbúningsferli framkvæmda í meginflutningskerfinu. Landsnet styður því að frumvarpið verði samþykkt í óbreyttri mynd.

Virðingarfyllt,



Þórður Guðmundsson, forstjóri.